

GJALDSKRÁ

Seðlabanka Íslands vegna verkefna sem tengjast fjármálaeftirliti.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi gildir um greiðslu kostnaðar vegna sértaekra aðgerða skv. 7. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald. Gjaldskráin gildir einnig um endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs skv. 8. mgr. 103. gr. laga nr. 108/2007 um yfirtökur, afgreiðslu umsókna um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa skv. 30. gr. laga nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf og staðfestingu á lýsingum og viðaukum við þær skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

2. gr.

Tímagjald.

Fyrir afgreiðslu á málum samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða tímagjald sem nemur 17.000 krónum fyrir vinnu starfsmanna Seðlabanka Íslands og 23.000 krónum fyrir aðkeypta sérfræðiþjónustu, nema annað leiði af einstökum ákvæðum gjaldskrárinnar.

Gjaldið skal greitt samkvæmt reikningi sem gefinn er út við lok afgreiðslu máls ásamt tímaskýrslu um fjölda vinnustunda sem stofnunin hefur varið í afgreiðsluna. Seðlabanka Íslands er þó heimilt á hvaða stigi máls sem er að fara fram á greiðslu áfallins kostnaðar.

3. gr.

Nauðsynlegt umframeftirlit.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða fyrir nauðsynlegt umframeftirlit, samkvæmt sérstakri ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999, þ.m.t. kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, ferðalaga og skipunar sérfræðings skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Komi til greina að leggja kostnað á eftirlitsskyldan aðila vegna umframeftirlits skv. 1. mgr. upplýsir Seðlabanki Íslands hlutaðeigandi aðila um tímagjald starfsmanna, annarrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu og annan áætlaðan kostnað.

Kostnaðurinn skal greiddur samkvæmt reikningi sem gefinn er út að loknu umframeftirliti. Reikningnum skulu fylgja tímaskýrslur um fjölda vinnustunda sem stofnunin hefur varið í umframeftirlitið og upplýsingar um útlagðan kostnað, s.s. vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, ferðalaga og skipunar sérfræðings.

4. gr.

Afgreiðsla umsóknar um starfsleyfi og skráningu.

Fastagjöld fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi eftirlitsskyldra aðila skulu vera í samræmi við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999.

Fastagjöld fyrir afgreiðslu umskráningu eftirlitsskyldra aðila skulu vera í samræmi við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999.

Gjaldið skal greitt við afhendingu umsóknar til Seðlabanka Íslands og er að jafnaði óendurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað sé um útgáfu starfsleyfis eða skráningu.

5. gr.

Mat á hæfi aðila til að fara með virkan eignarhlut.

Fastagjald fyrir mat á hæfi aðila til að fara með virkan eignarhlut í viðskiptabanka, sparisjóði, láanafyrirtæki eða vátryggingafélagi skal vera í samræmi við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999.

Gjaldið skal greitt þegar ósk um mat á hæfi er afhent Seðlabanka Íslands og er að jafnaði óendurkræft þótt ósk um mat á hæfi sé dregin til baka eða niðurstaða mats er að aðili telst ekki hæfur til að fara með virkan eignarhlut.

6. gr.

Afgreiðsla og skráning sértækra staðfestingar og mats.

Fyrir afgreiðslu og skráningu eftifarandi sértækra staðfestinga og mats, sem leiða af starfsemi fjármálaeftirlits, en teljast ekki þáttur í reglubundnu eftirliti, sbr. 4. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999, skulu eftirlitsskyldir aðilar, og eftir atvikum aðrir aðilar, greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar:

1. Umsókn um aukið starfsleyfi (viðbótarstarfsleyfi) eða breytingu á tegund starfsleyfis.
2. Umsókn um samruna, skiptingu eða yfirsærslu rekstrarhluta, sbr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálagyrirtæki og VII. kafla laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi.
3. Tilkynning um virkan eignarhlut, sbr. III. kafla laga nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris, II. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, II. kafla laga nr. 114/2021 um greiðslupjónustu og I. kafla laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og II. kafla laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.
4. Tilkynning vegna fyrirhugaðrar veitingar þjónustu erlendis án stofnunar útibús, með stofnun útibús eða í gegnum umboðsaðila, sbr. V. kafla laga nr. 161/2002, III. kafla laga nr. 17/2013, XX. kafla laga nr. 100/2016, X. kafla laga nr. 62/2019 um dreifingu vátrygginga, VIII. kafla laga nr. 45/2020, II. kafla laga nr. 114/2021, III. kafla laga nr. 115/2021 og XII. kafla laga nr. 116/2021.
5. Umsókn um staðfestingu verðbréfasjóðs, sbr. IV. kafla laga nr. 116/2021.
6. Umsókn um staðfestingu á sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta, sbr. X. kafla laga nr. 45/2020.
7. Tilkynning um fyrirhugaða markaðssetningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs erlendis, sbr. XII. kafla laga nr. 116/2021.
8. Tilkynning um markaðssetningu hlutdeildarskírteina eða hluti sérhæfðs EES-sjóðs til fagfjárfesta, sbr. 1. mgr. 56. gr. og 1. mgr. 57. gr. laga nr. 45/2020.
9. Umsókn um heimild til markaðssetningar sérhæfðs sjóðs hér á landi skv. 1. mgr. 63. gr., 1. mgr. 64. gr., 2. mgr. 64. gr. eða 1. mgr. 65. gr. laga nr. 45/2020.
10. Umsókn um heimild til að varðveita fjármálagerninga á safnrekningi, sbr. 42. gr. laga nr. 115/2021.
11. Umsókn um heimild fyrir einkaumboðsmann til að starfa í þágu verðbréfafyrirtækis, sbr. 50. gr. laga nr. 115/2021.
12. Umsókn um undanþágu frá tilboðsskyldu, sbr. X. kafla laga nr. 108/2007.
13. Umsókn um staðfestingu tilboðsyfirlits, sbr. XI. kafla laga nr. 108/2007.
14. Umsókn um heimild til að beita innramatsaðferð við mat á áhættuþáttum í útreikningi á áhættugrunni skv. 143. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög nr. 161/2002.
15. Samþykki vegna notkunar eigin stika vátryggingafélags, sbr. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 100/2016.
16. Umsókn um heimild til að nota eigið líkan við útreikning á gjaldþolskröfu, sbr. 104. gr. laga nr. 100/2016 og 21. gr. laga nr. 60/2017 um vátryggingasamstæður.

Sé beiðni samkvæmt þessari grein hafnað eða hún dregin til baka eftir að afgreiðsla Seðlabanka Íslands er hafin skal greiða áfallinn kostnað í samræmi við fjölda vinnustunda sem stofnunin hefur varið í afgreiðsluna og kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðipjónustu.

7. gr.

Lýsingar.

Fyrir staðfestingu á lýsingu, skjala sem ætlað er að verða hluti lýsingar og viðauka við lýsingu skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/2020.

Fyrir skráningu á endanlegum skilmálum grunnlysinga, almennri útfefandalýsingu og breytingum á henni skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/2020.

Nr. 130

10. febrúar 2023

Fyrir eftirlitsverkefni í tengslum við athugun á auglýsingum lýsinga skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/2020.

Sé hætt við útboð eða töku verðbréfa til viðskipta eftir að afgreiðsla er hafin skal greiða áfallinn kostnað í samræmi við fjölda vinnustunda sem varið hefur verið í afgreiðsluna og kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu. Seðlabankanum er heimilt á hvaða stigi máls sem er að fara fram á greiðslu áfallins kostnaðar.

8. gr.

Endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs.

Tilboðsgjafi eða útgefandi skal greiða fyrir endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs skv. 8. mgr. 103. gr. laga nr. 108/2007. Fyrir vinnu starfsmanna Seðlabanka Íslands skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar. Sé verðmat framkvæmt af utanaðkomandi matsaðila skal tilboðsgjafi eða útgefandi greiða fyrir verðmatið samkvæmt reikningi matsaðila, í samræmi við 2. gr. gjaldskrárinnar.

Dragi tilboðsgjafi eða útgefandi ósk sína um endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs til baka eftir að endurskoðun er hafin skal viðkomandi greiða áfallinn kostnað í samræmi við fjölda vinnustunda sem varið hefur verið í afgreiðsluna og kostnað vegna utanaðkomandi matsaðila.

9. gr.

Afgreiðsla umsóknar um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Fyrir afgreiðslu umsóknar um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa, sbr. 30. gr. laga nr. 11/2008, skal greiða tímagjald skv. 2. gr. gjaldskrárinnar.

Sé umsókn hafnað eða hún dregin til baka eftir að afgreiðsla umsóknar um leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa er hafin skal greiða áfallinn kostnað í samræmi við fjölda vinnustunda sem varið hefur verið í afgreiðsluna og kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu.

10. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi er sett af Seðlabanka Íslands á grundvelli 5. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1999, 8. mgr. 103. gr. laga nr. 108/2007, 30. gr. laga nr. 11/2008 og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/2020.

Gjaldskráin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Seðlabanka Íslands nr. 1100/2020.

Seðlabanka Íslands, 10. febrúar 2023.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 13. febrúar 2023